



Skeiða og Gnúpverjahreppur, Árnesi 801 Selfoss

Grunnur gatnagerðargjalds er byggingarkostnaður á fermeter í vísitöluhúsi fjölbýlis samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Í febrúar 2016 er byggingarkostnaður á fermeter í fjölbýlishúsi samkv. ofangreindu 199.953 kr.

Gjaldflokkar eru þrír og skal viðeigandi hundraðshluti af byggingakostnaði vísitöluhúss fjölbýlis lagður á hvern fermeter nýbyggingar 3%.

- Einbýlishús með bílageymslu
- Parhús með bílageymslum
- Raðhús með bílageymslum
- Fjölbýlishús með bílageymslum 2%
- Verslunar-, þjónustu- og annað húsnæði
- Iðnaðarhúsnæði 1%
- Hesthús
- Útihús, gróðurhús og fleira tengt landsbúnaði

Flatarmál bygginga skal reikna eftir ÍST 50. Af endurbyggingu þaka íbúðarhús, án aukningar á nýtingu skal ekki greiða gatnagerðargjöld.

Fyrir lagnakjallara og glerskála með gagnsæju þaki greiðist gatnagerðargjald.

Gjaldið breytist 1. dag hvers mánaðar samkvæmt breytingu í byggingakostnaði vísitöluhúss fjölbýlis.

Lágmarksgjald

Við ákvörðun lágmarksgatnagerðargjalds skal að jafnaði miðað við eftirfarandi stærðir

- Einbýlishús með bílageymslu 160 m² pr. Íbúð.
- Parhús með bílageymslum 115 m² pr. Íbúð.
- Raðhús með bílageymslum 105 m² pr. Íbúð.

Greiðsluskilmálar

Innan þriggja mánaða frá undirskrift lóðarleigusamnings eða útgáfu byggingaleyfis skal greiða 25 % af álögðu gatnagerðargjaldi. Þegar lokið er lagningu bundins slitlags á viðkomandi götu skal greiða 75 % gjaldsins.